# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

**Nr. 32 95. ár Miðvikudaginn 3. apríl 2002**


## Laus störf

*Reykjavík.*

Laus eru til umsóknar staða lögreglumanns hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík með starfsstigið varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður. Sett verður í stöðuna til reynslu í eitt ár til að byrja með. Jafnframt er laus til umsóknar staða lögreglumanns með starfsheitið aðalvarðstjóri/-lögreglufulltrúi. Um er að ræða tímabundna stöðu til eins árs vegna ársleyfis. Umsóknum skal skilað til lögreglustjórans í Reykjavík, en umsóknarfrestur rennur út þann 6. apríl 2002. Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðurnar.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðarlögregluþjóna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum *„Eyðublöð“*.

Konur sem uppfylla skilyrðin eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 22. mars 2002.
**Ríkislögreglustjórinn.**

(2988

## Laust prestakall

Biskup Íslands auglýsir laust til umsóknar embætti sóknarprests í Lindaprestakalli Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. júlí 2002.

- Kirkjumálaráðherra skipar í embætti sóknarpresta til fimm ára.
- Um launakjör fer skv. ákvörðun kjaranefndar, en að öðru leyti gilda um starfið lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
- Óskað er eftir því að umsækjendur geri í umsókn skriflega grein fyrir menntun sinni, starfsferli og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram.
- Valnefnd velur sóknarprest skv. starfsreglum um presta nr. 735/1998, en biskup ákveður með hvaða umsækjanda hann mælir náist ekki samstaða í valnefnd.
- Heimilt er að óska eftir því að almennar prestskosningar fari fram samkvæmt 20. gr. starfsreglna um presta nr. 735/1998, en ákveðið er svohljóðandi:
  „Óski minnst þriðjungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess, að almenn prestskosning fari fram er skylt að verða við

## Auglýsing
### um umferð á Akranesi

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Að bönnuð verði umferð vörubifreiða, vöruflutningabifreiða og vinnuvéla á Skólabraut, á vegarkafla Kirkjubrautar neðan Merkigerðis, á vegarkafla Vesturgötu milli Bakkatúns og Merkigerðis og á vegarkafla Suðurgötu milli Akratorgs og Hafnarbrautar.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Akranesi, 14. mars 2002.
Sýslumaðurinn á Akranesi,
**Ólafur Þ. Hauksson.**

2545)

## Auglýsing
### frá Umhverfisráðuneytinu

*Verðlaun fyrir unna refi árið 2002.*

Við endurgreiðslu ríkisins til sveitarfélaga á hlutdeild ríkisins í verðlaunum fyrir unna refi, skv. 12. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og skv. 10. gr. reglugerðar nr. 437 um refa- og minkaveiðar með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 205/1997 um breytingu á reglugerð nr. 437/1995, skal árið 2002 miða við hámarksverðlaun sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Refir | 7.000 kr. |
| Yrðlingar | 1.600 kr. |

Endurgreiðsla ríkisins til sveitarfélaga vegna refaveiða miðast að hámarki við 50% af ofangreindum verðlaunum, eða 50% af lægri upphæð sem sveitarfélög kunna að ákveða sem hæfileg verðlaun fyrir unna refi í sveitarfélaginu.

*Viðmiðunartaxti og verðlaun fyrir unna minka árið 2002.*

Við endurgreiðslu ríkisins til sveitarfélaga á hlutdeild ríkisins í verðlaunum fyrir unna minka, skv. 13. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og skv. 10. gr. reglugerðar nr. 437 um refa- og minkaveiðar með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 205/1997 um breytingu á reglugerð nr. 437/1995, skal árið 2002 miða við það sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Verðlaun fyrir unnin mink | 2.500 kr. |
| Tímakaup ráðinna veiðimanna | 600 kr./klst. |
| Akstur | 53 kr./km. |

Endurgreiðsla ríkisins til sveitarfélaga vegna minkaveiða miðast að hámarki við 50% af kostnaði við minkaveiðar, skv. ofangreindum viðmiðunartaxta.

**Umhverfisráðuneytinu,**
11. mars 2002.

2958)

## Auglýsing
### um skipulag á Akranesi

*Breyting á aðalskipulagi Akraness 1992-2012.*

Með vísan í 18 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Garðabraut og felst í að lóðin verði stækkuð í átt að Garðabraut og skilgreind fyrir blandaða landnotkun þ.e. verslunar- og þjónustulóð og íbúðalóð, í stað verslunar- og þjónustulóðar.

*Breyting á deiliskipulagi Garðabrautar 2 og Jaðarsbrautar 23-25.*

Með vísan í 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við breytingu á deiliskipulagi Garðabrautar 2 og Jaðarsbrautar 23-25, Akranesi.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Garðabraut og felst í að lóðin verði stækkuð í áttina að

Garðabraut og skilgreind fyrir breytta landnotkun þ.e. verslunar- og þjónustulóð og íbúðalóð í stað verslunar- og þjónustulóðar.

Teikningar, ásamt frekari upplýsingum, liggja frammi á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar, Dalbraut 8, 1. hæð, frá og með 3. apríl nk. til 2. maí 2002.

Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast bygginga- og skipulagsfulltrúa Akraneskaupstaðar eigi síðar en 15. maí 2002, þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar teljast samþykkja þær.

Akranesi, 20. mars 2002.
**Skúli Lýðsson,** bygginga- og skipulagsfulltrúi.

2971)

# Nauðungarsölur

## Reykjavík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 2. maí 2002, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| *Kl. 10.00* | | | |
| Austurbrún 21, 0001, 3ja herb. kjallaraíbúð 2551) | Helgi Friðberg Jónsson | Sparisjóður Kópavogs og tollstjóraembættið | 2.658.237 |
| Austurstræti 6, 0101, 160,6 fm verslunarhúsnæði á 1. hæð t.v. lager-húsnæði í kjallara 2552) | Krónika ehf. | Tollstjóraembættið | 381.728 |
| Álakvísl 7B, 0101, 3ja herb. íbúð hluti af nr. 1-7D og stæði í bílskýli 2553) | Viktoría Áskelsdóttir | Tollstjóraembættið | 94.774 |
| Álakvísl 28, 0101, 3ja herb. íbúð hluti af nr. 24-30 og stæði í bílskýli 2554) | Solveig Pétursdóttir | Tollstjóraembættið | 102.281 |
| Álakvísl 108, 4ra herb. íbúð hluti af nr. 96-108 og stæði í bílskýli 2555) | Sigríður Katrín Bárðardóttir | Tollstjóraembættið | 101.480 |
| Ásendi 19, 0102, 3ja herb. íbúð á 1. hæð vesturenda 2556) | Rúnar Laufar Ólafsson | Tryggingamiðstöðin hf. | 44.793 |
| Ásvallagata 54 2557) | Hildur Helga Sigurðardóttir | Íbúðalánasjóður | 266.401 |
| Barðavogur 40, 0101, 1. og 2. hæð ásamt háalofti og bílskúr m.m. 2559) | Íris Björnæs Þór og Kári Hafsteinn Sveinbjörnsson | Íbúðalánasjóður | 128.069 |
| Baughús 22, 0101, 50% ehl. íbúð á efri hæð og bílgeymsla merkt 0101 2560) | Hlynur Árnason | Tollstjóraembættið | 533.792 |
| Bergstaðastræti 4, 010201, 150 fm skrifstofu- og þjónustuhúsnæði á 2. hæð m.m. 2561) | Ólafía Sigurðardóttir | Tollstjóraembættið | 133.417 |
| Bláskógar 1, 0201, 50% ásamt bílskúr, að undanskilinni íbúð á jarðhæð 2562) | Svavar Jónsson | Tollstjóraembættið | 313.724 |

því. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en að hálfum mánuði liðnum frá þeim degi er kallið var auglýst laust til umsóknar.“

- Allar nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, erindisbréf, helstu lög og reglur sem um starfið gilda, eru veittar á biskupsstofu, s. 535 1500, fax 551 3284.
- Umsóknarfrestur rennur út 26. apríl 2002.
- Umsóknir sendist biskupi Íslands, biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík.

Það athugist að embætti sóknarpresta eru auglýst með fyrirvara um breytingar á sóknar- og prestakallaskipan. Prestum er skylt að hlíta breytingu á störfum sínum og verksviði á skipunartímanum sbr. 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Umsækjendur hafi í huga að um er að ræða nýtt prestakall sem stofnast frá 1. júlí 2002, en Lindasókn, sem myndar prestakallið var stofnsett 1. janúar 2002. Starfsaðstaða mun taka mið af þeim aðstæðum og eins starf sóknarprests.

Með vísan til 13. og 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 eru konur hvattar til að sækja um ofangreint embætti.

Reykjavík, 22. mars 2002.
F. h. b.
**Ragnhildur Benediktsdóttir.**

(3000

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 25. febrúar 2002, var bú Hjalta Sigurbergs Hjaltasonar, kt. 080271-3449, Laugartúni 9, Svalbarðseyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 31. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 16, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 16, Akureyri, mánudaginn 24. júní 2002 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(2387 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 25. febrúar 2002, var bú Önnu Sigríðar Davíðsdóttur, kt. 020571-4979, Flatasíðu 2, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 14. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 16, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 16, Akureyri, mánudaginn 24. júní 2002 kl. 10.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(2388 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 25. febrúar 2002, var bú Hwee Peng Yeo, kt. 021260-2079, Flatasíðu 2, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 14. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 16, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 16, Akureyri, mánudaginn 24. júní 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(2389 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 25. febrúar 2002, var bú Statusar ehf., kt. 581197-2099, Hafnarstræti 98, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 7. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 16, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 16, Akureyri, mánudaginn 24. júní 2002 kl. 9.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(2390 a

Akureyri, 7. mars 2002.
**Arnar Sigfússon** hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, uppkveðnum hinn 25. febrúar 2002 var Birgi Birgissyni, kt. 230962-3249, Bárugötu 20a, 300 Akranesi, veitt heimild til að leita nauðasamninga. Sama dag var undirritaður skipaður umsjónarmaður nauðasamningsumleitana.

Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga samningskröfur á ofannefndan Birgi Birgisson að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar sendist til skrifstofu umsjónarmanns að Kirkjubraut 40, 300 Akranesi.

Fundur með atkvæðismönnum til að greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi verður haldinn í skrifstofu umsjónarmanns að Kirkjubraut 40, Akranesi, föstudaginn 3. maí 2002 kl. 10.00 árdegis.

Akranesi, 13. mars 2002.
**Jón Haukur Hauksson** hdl.

(2520 a

Á hluthafafundi í H. Marteinsson ehf., kt. 680898-2519, Lautasmára 1, 201 Kópavogi, hinn 12. mars 2002 var ákveðið að slíta félaginu, og á hluthafafundi hinn 13. mars voru í skilanefnd skv. 86. gr. laga nr. 138, 28. desember 1994 um einkahlutafélög kjörnir Haraldur Blöndal hrl., kt. 060746-3119, Klapparstíg 27, 121 Reykjavík, og Trausti Bragason, viðskiptafræðingur, kt. 280155-4899, Þarabakka 3, 109 Reykjavík. Voru þeir löggiltir til starfans af hlutafélagaskrá í mars 2002.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum til skilanefndar innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsing skal send til Trausta Bragasonar, viðskiptafræðings, Þarabakka 3, 109 Reykjavík.

Skilanefnd hefir ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og hluthöfum félagsins

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Blönduhlíð 4, 0201, 2. hæð og bílskúr 2563) | Þórhallur V. Vilhjálmsson og Védís Drafnardóttir | Tollstjóraembættið | 1.402.202 |
| Bólstaðarhlíð 5, 0201, 5 herb. íbúð á 2. hæð 2564) | Sesselja Auður Eyjólfsdóttir | Tollstjóraembættið | 101.509 |
| Brautarholt 22, 010003, vinnustofa og verslun í kjallara ásamt rými merktu 0004 og rými 0105 á 1. hæð 2565) | Sveinbjörn Guðjohnsen | Tollstjóraembættið | 51.709 |
| Bæjarás 2, 50% ehl., Mosfellsbæ 2566) | Ægir Kári Bjarnason | Tollstjóraembættið | 993.743 |
| Dalsel 12, 0402, íbúð á 4. hæð t.h. 2567) | Guðný Þorvaldsdóttir og Helgi Loftsson | Tollstjóraembættið | 72.069 |
| Drafnarfell 6, 0101, verslunarhúsnæði á götuhæð m.m. 2568) | Hringbraut ehf. | Tollstjóraembættið | 185.961 |
| Drafnarfell 8 2569) | Róði ehf. | Tollstjóraembættið | 115.977 |
| Drafnarfell 10 2570) | Róði ehf. | Tollstjóraembættið | 221.076 |
| Dugguvogur 6, 040001, 193,2 fm kjallari 27,1% syðra húss 2571) | Raftækjastöðin sf. | Tollstjóraembættið | 202.999 |
| Dvergabakki 10, 0102, 3ja herb. íbúð á 1. hæð t.h. ásamt geymslu 0003 2572) | Oliver Pétursson | Tollstjóraembættið | 68.107 |
| Eldshöfði 17, 0103, 2 súlubil merkt D og E 2573) | Faktoria ehf. | Tollstjóraembættið | 695.769 |
| Esjugrund 47 2574) | Árni Snorrason | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 238.227 |
| Fannafold 87 2575) | Sveinn Halldórsson | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 404.404 |
| Faxafen 9, 0101, verslunar- og þjónustuhúsnæði á 1. hæð N-helming m.m. 2576) | Bakhjarl ehf. | Tollstjóraembættið | 595.807 |
| Faxafen 12, 0101, 583,9 fm í NA-hluta kjallara 2577) | Eignasel ehf. | Tollstjóraembættið | 705.599 |
| Ferjubakki 2, 0201, 78,9 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð m.m. ásamt geymslu í kjallara merkt 0003 2578) | Jenný Lind Þórðardóttir | Tollstjóraembættið | 77.942 |
| Fiskislóð 73 2579) | Agens ehf. | Tollstjóraembættið | 1.509.866 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Flókagata 18, 0201, íbúð á 2. hæð m.m., íbúðarrými í kjallara merkt 0002 og geymsla merkt 0003 2580) | Ingunn Þóra Baldvinsdóttir | Tollstjóraembættið | 84.295 |
| Framnesvegur 64 2581) | Anna Óskarsdóttir og Gestur Arnarson | Tollstjóraembættið | 74.535 |
| Frostaskjól 33 2582) | Sigmundur Hannesson | Tollstjóraembættið | 180.071 |
| Garðastræti 40, 010201, 141,3 fm íbúð á 2. hæð ásamt geymslu 0006 2583) | Ingibergur E. Þorkelsson | Tollstjóraembættið | 140.317 |
| Gautavík 9, 0301, 136,2 fm íbúð á 3. hæð ásamt bílskúr 02-0102 2584) | William Thomas Möller og Anna N. Möller | Tollstjóraembættið | 139.803 |
| Gautavík 11, 0202, 97,7 fm íbúð á 2. hæð m.m. ásamt geymslu í kjallara merkt 0005 2585) | Birna Margrét Guðjónsdóttir | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 1.190.400 |
| Gljúfrasel 10 2586) | Guðbrandur Bjarnason og Valdís Andersen | Tollstjóraembættið | 70.873 |
| Grenibyggð 11, Mosfellsbæ 2587) | Andrea Eyvindsdóttir | Byko hf. | 706.460 |
| Grensásvegur 26, 0201, 89,6 fm íbúð og sólstofa á 2. hæð m.m. 2588) | Haukur Leifs Hauksson | Tollstjóraembættið | 71.348 |
| Grensásvegur 26, 0301, 125,2 fm íbúð á 3. hæð og geymsla í kjallara m.m. 2589) | Haukur Leifs Hauksson | Tollstjóraembættið | 90.140 |
| Grímshagi 5, 0101, íbúð í V-enda, vestari lóð og eystri bílskúr 2590) | Guðrún Hlín Þórarinsdóttir og Sigurður Karlsson | Tollstjóraembættið | 87.749 |
| Gróðrastöðin Langhagi við Úlfarsá í Lambhagalandi (við Vesturlandsveg) 2591) | Hafberg Þórisson | Kaupþing banki hf. | 3.152.243 |
| Grýtubakki 28, 0201, 95,3 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð m.m. ásamt geymslu í kjallara merkt 00-11 2592) | Anna Sigurborg Kristinsdóttir | Tollstjóraembættið | 63.637 |
| Gyðufell 8, 0101, 2ja herb. íbúð á 1. hæð t.v. m.m. 2593) | Elín Björg Cabaluna | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú | 375.760 |
| Háaleitisbraut 14, 0102, 105,6 fm íbúð á 1. hæð, geymsla merkt 0010 m.m. og bílskúr merktur 040119 2594) | Guðmundur Ragnar Ragnarsson og Sigríður Gissurardóttir | Tollstjóraembættið | 96.686 |

föstudaginn 31. maí 2002 kl. 11.00 til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu. Fundurinn verður haldinn í skrifstofu Trausta Bragasonar, Þarabakka 3, 109 Reykjavík.

Reykjavík, 22. mars 2002.
Í skilanefnd H. Marteinssonar ehf.,
**Haraldur Blöndal** hrl.
**Trausti Bragason** viðskiptafræðingur.

(2957 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. febrúar 2002 var bú Magnúsar Helga Bergs, kt. 270856-7569, Marklandi 4, 108 Reykjavík tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 12. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 4. hæð, 101 Reykjavík.

Skiptafundur, þar sem fjallað verður um skrá vegna lýstra krafna og fjárhagslega stöðu búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 4. hæð, Reykjavík, föstudaginn 14. júní 2002 kl. 9.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund.

(2892 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 8. mars 2002 var bú S. Svavarssonar ehf., kt. 571299-5189, Laufengi 82, 112 Reykjavík tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 27. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 4. hæð, 101 Reykjavík.

Skiptafundur, þar sem fjallað verður um skrá vegna lýstra krafna og fjárhagslega stöðu búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 4. hæð, Reykjavík, föstudaginn 14. júní 2002 kl. 9.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund.

(2893 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 8. mars 2002 var bú Vála ehf., kt. 610896-2009, Núpabakka 7, 109 Reykjavík tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 27. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 4. hæð, 101 Reykjavík.

Skiptafundur, þar sem fjallað verður um skrá vegna lýstra krafna og fjárhagslega stöðu búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 4. hæð, Reykjavík, föstudaginn 14. júní 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund.

(2894 a

Reykjavík, 19. mars 2002.
**Magnús Björn Brynjólfsson** hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, 18. febrúar 2002, var bú Café Star ehf., kt. 630800-3150, Austurstræti 8-10 Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 12. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra, að Klapparstíg 29, pósthólf 917, 121 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Klapparstíg 29, Reykjavík, föstudaginn 7. júní 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 28. febrúar 2002.
**Helgi Birgisson** hrl.

(2111 c

# Skiptafundir

Skipafundur í þrotabúi Ásgeirs Sigurbjörnssonar, kt. 210176-3579, Borg I, Eyja- og Miklaholtshreppi, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarbraut 61, Borgarnesi, miðvikudaginn 17. apríl 2002 kl. 14.00.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í síðasta lagi á þeim fundi mun skiptum á búinu verða lokið á fundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(2648

Skipafundur í þrotabúi Brynhildar Ingu Einarsdóttur, kt. 150755-3449, Borg I, Eyja- og Miklaholtshreppi, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarbraut 61, Borgarnesi, miðvikudaginn 17. apríl 2002 kl. 14.15.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í síðasta lagi á þeim fundi mun skiptum á búinu verða lokið á fundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(2649

Borgarnesi, 15. mars 2002.
**Ingi Tryggvason** hdl.,
skiptastjóri.

Boðað er til skiptafunda á eftirtöldum þrotabúum á skrifstofu skiptastjóra að Hlíðasmára 8, 3. hæð, Kópavogi, föstudaginn 17. maí 2002 á neðangreindum tíma:

Þrotabú Agnars Norðfjörðs Hafsteinssonar, kt. 300763-4489, Hjallavegi 5a, Njarðvík, kl. 9.00 árdegis.

(2516

Þrotabú Láru E. Ingvadóttur, kt. 200849-4939, Heiðarhorni 9, Keflavík, kl. 10.00 árdegis.

(2517

Þrotabú Goða, manna og meinvætta ehf., kt. 441198-2219, Dugguvogi 10, Reykjavík, kl. 11.00 árdegis.

(2518

Komi ekkert fram frekar um eignir í ofangreindum þrotabúum í síðasta lagi á boðuðum skiptafundum verður skiptum lokið í þrotabúunum á nefndum skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Kópavogi, 14. mars 2002.
**Logi Egilsson** hdl.,
skiptastjóri.

Skiptafundur í þrotabúi Timburtaks ehf., kt. 490796-2239, Sólvöllum 1, Húsavík, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra í búinu að

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Hlaðhamrar 10 2595) | Allt-af ehf. | Tollstjóraembættið | 1.018.577 |
| Hverfisgata 46, 0201, 311,9 fm iðnaðarhúsnæði á 2. hæð m.m. 2596) | Íslenska kvikmyndasamsteypan ehf. | Hans Petersen hf. | 3.929.111 |
| Hverfisgata 78, 0201, 2. hæð og bakhús 2597) | Formprent, prentsmiðja | Tollstjóraembættið | 346.248 |
| Hverfisgata 78, 0301, 3. hæð 2598) | Formprent, prentsmiðja | Tollstjóraembættið | 139.197 |
| Hverfisgata 78, 0101, 1. hæð og kjallari 2599) | Formprent, prentsmiðja | Tollstjóraembættið | 298.159 |
| Hverfisgata 84, 0001, kjallari 2600) | Strýta ehf. | Tollstjóraembættið | 97.761 |
| Hverfisgata 108, 0104, norðurbúð á 1. hæð 2601) | Laugarásvídeó ehf. | Tollstjóraembættið og Tryggingamiðstöðin hf. | 95.381 |
| Keilugrandi 1, 010101, atvinnuhúsnæði á 1. hæð og að hluta til á 2. hæð m.m. 2603) | Grýta-hraðhreinsun ehf. | Tollstjóraembættið | 1.976.586 |
| Klapparberg 21 2604) | Jóhanna Sigríður Magnúsdóttir og Páll Þ. Pálsson | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 1.146.425 |
| Klapparstígur 1, 0704, 108,6 fm íbúð á 7. hæð önnur t.h. m.m. og bílastæði nr. 38 í matshluta 20 2605) | Gunnar Geir Gunnarsson | Tollstjóraembættið | 115.737 |
| Kleifarsel 1 ásamt bílskúr skv. fasteignamati 2606) | Helga Kristín Claessen og Ragnar Hinriksson | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 282.512 |
| Kleppsvegur 124, 0102, 94,7 fm íbúð á 1. hæð m.m. 2607) | Sigurður Helgason | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild og tollstjóraembættið | 458.172 |
| Kóngsbakki 6, 0102, 74,7 fm íbúð á 1. hæð m.m. Einkaafnotaréttur á lóðarhluta í garði fyrir framan íbúðina 2609) | Þórður Árnason | Tollstjóraembættið | 72.246 |
| *Kl. 14.00* | | | |
| Lambastekkur 8 2610) | Rúnar Geir Steindórsson | Tollstjóraembættið | 61.928 |
| Laugalækur 21, 50% ehl. 2611) | Jón Guðmundsson | Byko hf. | 128.919 |
| Laugavegur 5, 010101, 66,1 fm verslun á 1. hæð og geymsla í kjallara ásamt bílageymslu á lóð 2612) | Símon Ragnarsson | Tollstjóraembættið | 255.244 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Laugavegur 176 2613) | Sjónvarpshúsið Laugavegi ehf. | Tollstjóraembættið | 99.435 |
| Laugavegur 45a, 13,0 fm ásamt sameign 0,9 % af heild 2614) | Pandíon ehf. | Lífeyrissjóðurinn Framsýn | 2.840.419 |
| Leirubakki 10, 0202, 5 herb. íbúð á 2. hæð t.h. 2615) | Kristján Friðrik Nielsen | Tollstjóraembættið | 94.631 |
| Leirubakki 22, 0201, 4ra herb. íbúð á 2. hæð t.v. 2616) | Arnrún Sigfúsdóttir | Tollstjóraembættið | 81.992 |
| Lyngháls 10, 010303, 180 fm íbúð á 3. hæð í suður m.m. 2617) | Tryggvi Pétursson | Tollstjóraembættið | 95.683 |
| Miðhús 40 2618) | Þóra Valdís Valgeirsdóttir | Landsbanki Íslands hf., aðalstöðv. | 3.360.192 |
| Neströð 7, 25% ehl., Seltjarnarnesi 2619) | Haraldur Jóhannsson | Tollstjóraembættið | 732.682 |
| Rauðalækur 9, 0101, 1. hæð 2620) | Markús Valgeir Úlfsson og Helga Haraldsdóttir | Tollstjóraembættið | 100.940 |
| Rauðás 12, 0302, 5 herb. íbúð á 3. hæð ásamt rými í risi og bílskúrsréttur 2621) | Magnús Magnússon og Fjóla Jóna Þorleifsdóttir | Tollstjóraembættið | 103.207 |
| Rekagrandi 3, íbúð merkt 5-1 og stæði nr. 27 í bílageymslu 2622) | Bergsteinn Georgsson og Unnur Sverrisdóttir | Tollstjóraembættið | 1.383.728 |
| Reykás 23, 0201, íbúð á 2. hæð t.v. (93,2 fm) m.m. og bílskúr nr. 6 2623) | Guðbrandur Rúnar Axelsson og Margrét Andrelin Axelsson | Tollstjóraembættið | 98.896 |
| Seilugrandi 8, íbúð merkt 0201 2624) | Elísabet Kvaran og Helgi Haraldsson | Tollstjóraembættið | 84.391 |
| Silungakvísl 21, 0101, 97 fm íbúð á 1. hæð ásamt 85,7 fm geymslum í kjallara m.m. 2625) | Sigrún Konny Einarsdóttir | Tollstjóraembættið | 118.939 |
| Skipholt 3, 010101, vinnusalur á 1. hæð m.m. (forhús) 2626) | Gull- og silfursmiðjan Erna ehf. | Tollstjóraembættið | 163.430 |
| Skipholt 50B, 0103, 123,03 fm eining nr. 3 á 1. hæð í framhúsi NA-hluta 2627) | Lyfjaþjónustan ehf. | Tollstjóraembættið | 273.693 |
| Skipholt 50D, 0501, 207,4 fm skrifstofur á 5. hæð m.m. 2630) | Bárðarbunga ehf. | Tollstjóraembættið | 335.350 |

Garðarsbraut 5, 3. hæð, Húsavík, miðvikudaginn 17. apríl 2002, kl. 14.30.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra, sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir, sem eiga hlut að máli, vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Húsavík, 15. mars 2002.
**Margrét María Sigurðardóttir** hdl.

(2897

# Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 4. maí 2000, var bú Juris, innheimtu- og lögfræðistofu ehf., kt. 510394-2329, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að nokkuð greiddist upp í lýstar kröfur, en þær námu kr. 55.098.374, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Hafnarfirði, 12. mars 2002.
**Valgarður Sigurðsson** hrl.

(2496

Með bréfi hlutafélagaskrár dags. 2. nóvember 2000 voru löggiltir sem skilanefndarmenn í einkahlutafélaginu Skelco ehf., kt. 561277-0369, Suðurlandsbraut 4, 105 Reykjavík, þeir Borgi Nils Bogason, löggiltur endurskoðandi, Vegmúla 3, 103 Reykjavík og Árni Ármann Árnason hdl., Nesbala 24, 170 Seltjarnarnesi.

Á skiptafundi sem haldinn var þann 22. febrúar 2001 var samþykkt úthlutunargerð vegna ráðstöfunar á eignum og réttindum félagsins. Samkvæmt frumvarpinu voru engar eignir til úthlutunar né heldur hvíldu skuldir á félaginu.

Skilanefnd í einkahlutafélaginu Skelco ehf., hefur þar með lokið störfum sínum.

Reykjavík, 13. mars 2002.
F.h. skilanefndar,
**Bogi Bogason.**

(2519

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 6. júlí 2001, var bú Smíðastofu Ólafs efh., kt. 420198-2139, Barðavogi 18, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið 15. október 2001, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð samtals kr. 4.954.940, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

Reykjavík, 28. febrúar 2002.
**Kristinn Hauksson** hdl.,
skiptastjóri.

(2541

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, uppkveðnum þann 8. október 2001 var bú Ásdísar Helgu M. Ólafsdóttur, kt. 251151-3509, Drafnargötu 12, Flateyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira án þess að

greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem endanlega námu samtals kr. 6.723.048, auk áfallandi vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Endurbirt vegna villu.**

Húsavík, 7. mars 2002.
**Margrét María Sigurðardóttir** hdl., skiptastjóri.

(2546

# Staðfesting nauðasamnings

Lambeyri ehf., kt. 440195-2459, Lambeyri, Skagafirði, hefur krafist staðfestingar á nauðasamningi.

Samkvæmt skýrslu umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum var samningsfrumvarp samþykkt af 75% atkvæðismanna sem fóru með 72,97% atkvæða eftir kröfufjárhæðum.

Samkvæmt frumvarpinu býðst skuldarinn til að greiða 30% af öllum skuldum sínum. Greiðsla fari fram í peningum á 60 mánuðum og hefjist 1. dag næsta mánaðar eftir að nauðasamningur hefur verið staðfestur. Skuldari býðst til að greiða 5% ársvexti á það sem honum ber að greiða og verði upphafsdagur vaxta 1. dagur næsta mánaðar eftir staðfestingu samningsins. Kröfur allt að fjárhæð 100.000 krónur greiðast að fullu á 1. gjalddaga eftir staðfestingu. Kröfur að fjárhæð 100.000 til 300.000 krónur greiðast með 100.000 krónum á 1. gjalddaga eftir staðfestingu. Tryggingar eru ekki veittar fyrir efndum samningsins frekar en nú eru fyrir hendi. Þess er óskað með vísan til 3. mgr. 36. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 að Búnaðarbankinn og Byggðastofnun samþykki að sá hluti krafna þeirra, sem greiðist að fullu vegna þess að þær reynast að fullu tryggðar, greiðist á 180 mánuðum á sömu mánaðardögum og greiðslur skv. 2. gr. frumvarpsins. Þeim kröfuhöfum sem þess óska, er boðið að fá útgefið skuldabréf fyrir því sem þeim ber samkvæmt nauðasamningnum.

Skorað er á þá sem vilja koma fram mótmælum gegn staðfestingu nauðasamnings samkvæmt frumvarpinu að sækja dómþing er háð verður í réttarsal héraðsdóms Norðurlands vestra að Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki, kl. 14.45 þriðjudaginn 9. apríl nk.

Sauðárkróki, 15. mars 2002.
**Halldór Halldórsson** dómstjóri.

(2997

# Fyrirtækjaskrá

## Skipting hlutafélags

Hlutafélagaskrá hefur borist skiptingaráætlun frá Gunnari Eggertssyni hf., kt. 421274-0109, Sundagörðum 6, 104 Reykjavík, ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. hfl.

Vegna skiptingarinnar hefur verið stofnað nýtt félag, G.E. eignarhaldsfélag ehf., kt. 611201-4270, sem tekur við hluta af eignum og skuldum, réttindum og skyldum af Gunnari Eggertssyni hf.

Skiptingin miðast við 1. september 2001. Frá og með þeim degi tekur Gunnar Eggertsson hf. við þeim eignum og skuldum, réttindum og skyldum, sem til félagsins renna við skiptinguna.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi þá, sem endanlega ákveða skiptingu félagsins og viðtöku og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku skiptingar-

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Skógarhlíð 18, 010101, skrifstofa á 1. hæð með aðkomu á norðurhlið m.m. 2631) | Skógarhlíð 18 ehf. | Tollstjóraembættið | 340.184 |
| Sólborg RE-22 skipaskrárnúmer 0284 2632) | Eyramúli ehf. | Olíufélagið hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Þróunarsjóður sjávarútvegsins | 14.663.443 |
| Stararimi 25 2633) | Baldur Arason og Berglind Magnúsdóttir | Tollstjóraembættið | 123.659 |
| Stórholt 16, 0102, 33,4 fm íbúð á 1. hæð í V-enda m.m. ásamt bílskúr í mhl. 02 2634) | Sigrún Sigvaldadóttir | Tollstjóraembættið og Vátryggingafélag Íslands hf. | 1.434.417 |
| Suðurlandsbraut 20, 0201, 201,3 fm skrifstofurými á 2. hæð m.m. 2635) | Íslenska útgáfufélagið ehf. | Tollstjóraembættið | 2.681.514 |
| Tjarnargata 10B, 0201, 2. hæð 2636) | Monique Jacquette | Tollstjóraembættið | 68.855 |
| Vaðlasel 2, 0101, 269 fm íbúð á efri hæð m.m. ásamt bílskúr 2638) | Sólveig Þórarinsdóttir | Tollstjóraembættið | 76.927 |
| Vatnsstígur 4 2639) | Trefill ehf. | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 26.476.891 |
| Vesturgata 21 2640) | Jón Hafnfjörð Ævarsson | Tollstjóraembættið | 111.609 |
| Viðarhöfði 6, 0205, 232,5 fm atvinnuhúsnæði á 2. hæð ásamt 100,6 fm milligólfi 2641) | Nýtt framtak ehf. | Tollstjóraembættið | 206.245 |
| Víkurás 4, 0403, 2ja herb. íbúð ásamt sammerktri geymslu 2642) | Arnþór Vilhelm Sigurðsson | Tollstjóraembættið | 277.886 |
| Ystasel 28 2643) | Gyða Brynjólfsdóttir | Fínn miðill ehf., STEF, samb. tónskálda/eig. flutnr. og tollstjóraembættið | 436.616 |
| Þangbakki 10, 0604, íbúð D á 6. hæð ásamt geymslu m.m. 2644) | Einar Geir Rúnarsson | Tollstjóraembættið | 66.908 |
| Þverholt 14, 0101 209,95 fm skjalageymsla á 1. hæð (efri kjallara) ásamt 11,59 fm í sameign (5,62% af sameign) ásamt 6,32 fm í sameign í kjallara 2645) | Frjáls fjölmiðlun ehf. | Prentsmiðjan Oddi hf. | 198.166 |
| Ægisgarður 5 2646) | Stáltak hf. | Tollstjóraembættið | 353.893 |

Reykjavík, 18. mars 2002.
F.h. sýslumannsins í Reykjavík,
**Þuríður Árnadóttir,** deildarstjóri fullnustudeildar.

## Borgarnes

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Bjarnarbraut 2, Borgarnesi, fimmtudaginn 2. maí 2002, kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Hl. sumarbústaðar að Þverásbyggð 3 í landi Stóra-Fjalls í Borgarbyggð 2532) | Grétar Mar Hreggviðsson | Félagsstofnun stúdenta | 254.408 |
| Sumarbústaðarlóð nr. 44 í landi Indriðastaða í Skorradalshreppi 2533) | Húsanes ehf. | Ingólfur Einarsson | 290.972 |

Borgarnesi, 15. mars 2002.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi,
**Stefán Skarphéðinsson.**

# Auglýsing

## um skipulagsmál í Grindavík

*Aðalskipulag Grindavíkur 2000–2020.*

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi Grindavíkur 2000–2020. Skipulagsuppdrættir og greinargerð munu liggja frammi til sýnis á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62 frá 3. apríl 2002 til 1. maí 2002. Ennfremur verður tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík. Athugasemdum skal skila til bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar fyrir 15. maí 2002 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

*Deiliskipulag í Laut.*

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 23. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi í Laut. Svæðið afmarkast af Ásabraut að norðan, Staðarvör að vestan, Garðhúsatúni að sunnan, Dalbraut, Sunnubraut og Hellubraut að austan. Skipulagsuppdráttur, líkan og greinargerð munu liggja frammi til sýnis á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62 frá 3. apríl 2002 til 1. maí 2002. Athugasemdum skal skila til bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar fyrir 15. maí 2002 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Grindavíkur.**

2985)

# Auglýsing

## um tillögu að deiliskipulagi í Fjarðabyggð

*Heiðarvegur – Efstagerði. Íbúðasvæði norðan Hæðargerðis á Reyðarfirði.*

Fjarðabyggð auglýsir hér með tillögur að deiliskipulagi íbúðasvæðis nefnt, Heiðarvegur – Efstagerði, sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar og á heimasíðu sveitarfélagsins www.fjardabyggd.is, frá miðvikudeginum 3. apríl til miðvikudagsins 1. maí 2002. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til að skila athugasemdum er til 15. maí 2002. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað til skipulagsfulltrúa Strandgötu 49 á Eskifirði.

Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.

**Skipulagsfulltrúinn í Fjarðabyggð.**

2986)

# Tilkynning

## um breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 10 frá 1993, um verðbréfasjóði, tilkynnir Fjármálaeftirlitið að það hefur staðfest breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs.

*Heiti verðbréfasjóðs:* **Landssjóður hf.**
*Dagsetning breytinga:* 13. mars 2002.
*Greinar sem taka breytingum:* Breyting á 20. gr. og 32. gr. samþykkta félagsins.
*Breytingarnar öðlast gildi:* Þegar í stað.

18. mars 2002.
**Fjármálaeftirlitið.**

2989)

áætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 124. gr hfl., lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til skoðunar eða afhendingar.

**Hagstofa Íslands.**
**Hlutafélagaskrá.**

(3001

# Kaupmálar

## Hafnarfjörður

Í marsmánuði 2002 var kaupmáli færður í kaupmálaskrá ráðuneytisins skv. 86. gr. hjúskapalaga nr. 31/1993. Viðtökudags hjá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði er getið innan sviga:

Ása Pálsdóttir, kt. 190135-2259, Sævangi 2, Hafnarfirði og Gunnar Gunnarsson, kt. 020442-5739, s.st. (18. febrúar 2002).

Lilja Björk Guðmundsdóttir, kt. 150966-5829, Hrísholti 8, Garðabæ og Sigurður Ó. Blöndal, kt. 060459-3209, s.st. (25. febrúar 2002).

Tatsiana Panchuk, kt. 140869-2369, Klukkubergi 33, Hafnarfirði og Helgi S. Jónsson, kt. 140652-7419, s.st. (25. febrúar 2002).

Helen Viggósdóttir, kt. 190863-5309, Hrísmóum 3, Garðabæ og Þórarinn Þórarinsson, kt. 290967-3689, s.st. (28. febrúar 2002).

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,**
20. mars 2002.

(2955

# Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.

Í dag hefur Ragnheiði Bragadóttur lögfræðingi, kt. 180263-7999, verið veitt að nýju með vísun til 1. mgr. 16. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,**
19. mars 2002.

(2896

**Lögbirtingablað,**
32. tölublað 2002.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins
og ábyrgðarmaður.
**Eygló Halldórsdóttir**

Gutenberg